

## Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna

### 1. gr.

#### Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára barna

Veita skal sérstakan húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili. Séu slík búsetuskilyrði ekki fyrir hendi á þeim stað sem barnið stundar nám er veittur sambærilegur húsnæðisstuðningur leigi barnið í herbergi í heimahúsi. Sérstakur húsnæðisstuðningur skal vera óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila og nemur 60% af leigufjárhæð. Með umsókn um slíkan stuðning skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns.

### 2. gr.

#### Endurnýjun umsóknar

Til að viðhalda gildi umsóknar þarf umsækjandi að endurnýja umsókn þegar samþykkt fellur úr gildi og/eða að lágmarki á 12 mánaðafresti. Endurnýjun umsóknar skal vera skrifleg. Við endurnýjun umsóknar skal leggja fram sömu gögn eins og um nýja umsókn væri að ræða.

### 3. gr.

#### Breytingar á aðstæðum umsækjanda

Umsækjandi skal upplýsa um allar þær breytingar sem verða á aðstæðum barns sem áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

### 4. gr.

#### Endurskoðun

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum barns. Verði um ofgreiðslu að ræða á grundvelli rangra upplýsinga eða hafi umsækjandi ekki tilkynnt um breyttar aðstæður sem hafa áhrif á rétt til húsnæðisstuðnings, áskilur Mýrdalshreppur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu ásamt dráttarvöxtum.

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Mýrdalshrepps 15.08.2019 og taka gildi frá þeim degi.

ágúst 2019

Porbjörg Gísladóttir  
Sveitarstjóri Mýrdalshrepps